



Umsögn

miðstjórnar ASÍ vegna ályktunar ASÍ-UNG um áherslur í aðdraganda kjaraviðræðna

Tillaga ASÍ-UNG felur í sér fimm efnisþætti er varða:

Húsnæðismál – 1. mgr. um að tryggja ungu fólki húsnæði við hæfi

Tekjuskiptingu og jöfnuð – 2. mgr. um hækkun persónuafsláttar, 3. mgr. um að aldurstengd launamismunun verði afnumin og 4. mgr. um að vinnu (staða) eftirlit verði eflt og viðurlög við brotum hert.

Jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs – 5. mgr. um að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla og aukinn orlofsrétt.

Þær áherslur sem koma fram í ályktun ASÍ-UNG eru að meginstefnu til í góðu samræmi við efni stefnuskjala sem undirbúin hafa verið fyrir 43. þing ASÍ í kjölfar umræðu meðal félagsmanna aðildarfélaganna Alþýðusambandsins um land allt.

Miðstjórn ASÍ leggur til að ályktun ASÍ-UNG verði vísað til viðeigandi málefnanefnda á 43. þingi ASÍ þar sem efni hennar verði til umfjöllunar samhliða þeim stefnuskjölum sem þar verða til umræðu og afgreiðslu.